

Nafnabreytingar/ staðfangabreytingu á lóðum í "Hafrabyggð"

Til : Skipulagsmál Mosfellsbæjar <skipulag@mos.is>
Frá : Björn Ragnarsson <bearrson@gmail.com>
CC : Daniel <danielthorarins@simnet.is>
Heiti : Nafnabreytingar/ staðfangabreytingu á lóðum í "Hafrabyggð"
Málsnúmer : 202206160
Málsaðili : Mosfellsbær
Skráð dags : 19.01.2023 20:42:19
Höfundur : Björn Ragnarsson <bearrson@gmail.com>

You don't often get email from bearrson@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Til skipulags-/ nafnanefndar af gefnu tilefni

All nokkrum eða sumum Landeigendum hefur borist tilkynning um tillögu að staðfangabreytingu á lóðum við Óskotsveg við Hafravatn. Frestur til breyting tillagna er til 20 jan.

Umræða hefur átt sér stað milli hús- og landeiganda um þessi nöfn og ofl. Mögulega berast einhverjar tillögur eða athugasemdir inn bæjaryfirvalda frá öðrum.

Eg á lóð við vatnið sem fékk/fæ heitið Hafravatnsvegur 12. (L190836 úr Úlfarfellslandi)

Fyrirhugaðar nafnabreytingar hljóta að miða að auðveldari leiðarlýsingum fyrir neyðarakstur jafnt sem alla aðra að finna fram.

Ég er alinn upp í Mosó og æskuheimilið hefur fengið nýtt nafn. Reykjavellir urðu að Reykjamel 6. Reykjabyggð sem er í samræmi við breytta tíma.

Þegar ég sem strákur vísaði veginn uppá Hafravatn, oft vinirnir /strákar að hjóla upp eftir að veiða... Þá ferðu upp Úlfarsfellsveg að gatnamótum Hafravatnsvegar og niður eftir. Ég vissi reyndar ekki þá hversu langt vegurinn náði en núna er "Hafravatnsvegur frá Sólvöllum við Reykjaveg og nær alla leið að Hringvegi 1. Suðurlandsveg/Hólmsheiði.

Ég fæ lóðar heiti Hafravatnsvegur 12. það gæti verið hvar sem á langri leið.

Ekki veit ég hvernig nöfnum er háttað við suðurenda vatnsins en gæti ímyndað mér að auðvelt sé að það valdi ruglingi líka.

Hús og lóðir við Hafravatnsveginn sunna vatnsins t.d.báðu megin við Seljadalsá í löndum Þormóðsdals og Óskots (sem eykur rugling við Óskotsveg norðan megin) Eða þau sem eru enn lengra. Í minum huga nær vegurinn ekki lengra en að Nesjavallaleið/veg. En hún er styttr að gatnamótunum við Dalsmynni/Dal. Sem er líka ruglandi fyrir þá sem ætla Nesjavelli.

Einnig er skrítið að Hafravatnsvegur liggur til og inn í Reykjavík.

Mín

1st. tillaga.

Er að Hafravatnsvegur verði styttr og byrji við gatnamót Úlfarfellvegar og að Úlfarsfellsvegur liggi áfram niður á Reykjaveg við Sólvelli.

2. Að Hafravatnsvegur verði styttr að gatnamótum við Nesjavallaleið/veg og Nesjavallavegur ná niður að Hringvegi Suðurlandsveg við Hólmsheiði.

3. Að ekki verði notað nafnið/staðsetning Óskotsvegur.

Þar sem umræða hefur verið um Óskotsveg og nöfnin við norðanvert vatnið þá er ríkur (held örugglega meirihluti hlutaðeigandi) vilji til að nota ekki nafnið Óskotsvegur af ýmsum ástæðum eins og sumum finnst það stirt eða "kot" er einnig eitthvað og fáir vita hvar það er.

4. Að Hafravatnsvegur verði ekki notað sem staðarheiti (eins og mitt ætti að verða Hafravatnsvegur 12)

5. Að allt svæðið við og í kringum Hafravatnið norðan og sunnan við verði kallað Hafrabyggð (samanber Reykjabyggð) og þeim gefið númer (hús og löndu frá/úr Þormóðsdal, Óskoti og Úlfelli og Reykjahvol (Dísarhóll,123749) og kannski fleirum. Ef þarf að skipta svæðinu væri hægt að nota t.d. S. suður og N. norður

Til vara.

Ef ekki er hægt að verða við ofangreindu og að Hafravatnsvegurinn verður áfram jafn langur og Óskotsvegur verður notað "áfram"

Þá vil ég leggja fram aðra tillögu /ur sem eingöngu varða mína lóð og nágranna minna.

Það eru mörg skemmtileg og forn nöfn í nágrenni vatnsins. Td. Lali er uppi þar sem sólskífan er (landamerkja horn) en hinu megin er Hlíðarhorn og lengra móti vatninu er Hafrahlíð, en Hafrafell heitir ekki neitt þó allir í dag tali um Hafrafell. Mordalur er þar sem Svifvængja fólkið fer í loftið milli tindana. Uxalækur rennur frá Hádegisfelli og Uxamýri.

Uxalækur rennur framhjá Dísarhóll,123749, framhjá mér L190836 og 3 öðrum, og úti Hafravatn. Það eru fjögur hús þarna kennd við Hafravatnsveg, þau standa sitt hvoru megin við Uxalækinn í fyrrum löndum Úlfarfells og Þormóðsdals.

Því geri ég að tillögu minni að minnsta kosti þessi fjögur hús fái nafnið Uxalækur frekar en Hafravatnsvegur. Það erum

Ég(Björn) Uxalækur nr. 2,

Anna Charlesdóttir Uxalækur 1,

Ólöf Pálsdóttir Uxalækur 4 og

Reykjalundur Uxalækur 6.

með Kveðju. Björn.Ragnarsson á nr12.